

## Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (SigurjÞ).

- Við töluna **Rekstraryfirlit fyrir ríkissjóð (A1-hluta) árin 2024–2028**. Eftirfarandi liðir breytist sem hér segir:
  - Liðurinn **Skatttekjur** hækki um 9 ma.kr. á ári.
  - Liðurinn **Aðrar tekjur** hækki um 7 ma.kr. á ári.
- Við töluna **Heildarútgjöld málefnasviða árin 2024–2028** og töluna **Útgjaldarammar málefnasviða árin 2024–2028**. Eftirfarandi liðir breytist sem hér segir:
  - Liðurinn **23 Sjúkrahúspjónusta** hækki um 3 ma.kr. á ári.
  - Liðurinn **25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta** hækki um 2 ma.kr. á ári.
  - Liðurinn **27 Örorka og málefni fatlaðs fólks** orðist svo:

| <i>M.kr. á verðlagi 2023</i>              | 2024           | 2025           | 2026           | 2027           | 2028           |
|-------------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>27 Örorka og málefni fatlaðs fólks</b> |                |                |                |                |                |
| Samkvæmt frumskjali . . .                 | 100.203        | 110.111        | 114.041        | 116.559        | 119.343        |
| Breyting . . . . .                        | 9.908          | 3.930          | 2.518          | 2.784          | 0              |
| <i>Samtals . . . . .</i>                  | <i>110.111</i> | <i>114.041</i> | <i>116.559</i> | <i>119.343</i> | <i>119.343</i> |

- Liðurinn **31 Húsnæðis- og skipulagsmál** hækki um 3,7 ma.kr. á ári.

### Greinargerð.

Í 1. tölul. eru lagðar til breytingar á tekjuhlíð fjármálaáætlunar til að endurspegla auknar tekjur af hækkun bankaskatts, 9 ma.kr., og hækkun veiðigjalds, 7 ma.kr.

Í 2. tölul. eru lagðar til nokkrar breytingar á útgjaldaramma fjögurra málefnasviða á gjaldahlið:

Í a-lið er lagt til að framlög á málefnasviði 23 hækki um 3 ma.kr. á ársgrundvelli til að efla geðheilbrigðisþjónustu.

Í b-lið er lagt til að framlög á málefnasviði 25 hækki um 2 ma.kr. á ársgrundvelli til að efla megi endurhæfingarúrræði vegna fíknisjúkdóma.

Í c-lið er lagt til að hækkun framlaga á málefnasviði 27 í tengslum við heildarendurskoðun örorku almannatrygginga komi til framkvæmda ári fyrir.

Í d-lið er lagt til að framlög á málefnasviði 31 hækki um 3,7 ma.kr. á ársgrundvelli til að efla frekar uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.